

Úrgangsráð Vestfjarða

Níundi fundur

Netheimum 29. janúar 2026 kl. 10.00 - 11.00

Fundargerð

Mætt: Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð, Hrefna Jónsdóttir Reykhólahreppi, Hildur Aradóttir Kaldrananeshreppi, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvík, Delphine Briose Árneshreppi, Erla Margrét Gunnarsdóttir Ísafjarðarbæ (áheyrnarfulltrúi) og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Tillögur um breytingar á starfsháttum
 - a) Fundafjöldi
 - b) Fundartímar
 - c) Beint samráð við starfsmenn
2. Fréttahringur
3. Önnur mál

Fundargerð

1. Hjörleifur kynnti aðdraganda tillagnana frá umræðu á síðasta fundi í desember 2025. Fyrir fundinum nú liggur stutt minnisblað með tillögum um breytta starfshætti sem teknar voru til umræðu:
 - a) Samþykkt að fækka fundum niður í sirka 6 á ári og boða þá vikuna fyrir fund í bakhópi sambandsins um úrgangsmál
 - b) Sami tími viku og dags verði notaðir áfram
 - c) Á milli funda verði hringrásarfulltrúi í beinu sambandi við viðeigandi starfsmenn til að afla sér upplýsinga um hvað er efst á baugi í sorpmálum sveitarfélaganna

Almennt var rætt að þessi tilhögun, ásamt markvissari undirbúningi funda í samræmi við aðgerðahluta svæðisáætlunar um úrgang, gæti leitt til markvissara og betra starfs.

2. Farið yfir helstu fréttir af úrgangsmálum sveitarfélaganna, moltugerðarvélar eru í skoðun hjá Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ, grendarstöðvar hjá Bolungarvík, Súðavíkurreppur og Sorpsamlag Strandabyggðar hafa verið að prufa sig áfram með söfnun á lífrænum úrgangi og moltugerðarvélar og Árneshreppur er að hugsa hvernig hægt sé að fækka tæmingarferðum norður í hreppinn, mögulega með uppsetningu á ruslapressu.
3. Ekki var fleira rætt.

Fundi slitið 10.35